

Þórður Arason (2011), *Eldingar í Grímsvatnagosi 2011*, Sumarþing Veðurfræðifélagsins, Reykjavík, 6. júní 2011.

Eldingar í Grímsvatnagosi 2011

*Þórður Arason, Veðurstofu Íslands*

Óvenjumargar eldingar voru skráðar í Grímsvatnagosi, sem hófst 21. maí 2011 um kl. 19:00. Fyrsta skráða eldingin með ATDnet mælikerfi bresku veðurstofunnar var kl. 19:15:02, en þá virðist gosmökkurinn hafa verið kominn upp að veðrahvörfum. Gosmökkurinn náði hæst upp í um 25 km hæð, sem er miklu hærra en sést hefur á Íslandi í marga áratugi. Í gosinu voru skráðar yfir 16 þúsund eldingar. Langflestar voru þær staðsettar rétt sunnan við Grímsvatnaöskjuna. Skráð eldingatíðni hefur aldrei verið eins há og í þessu gosi, t.d. voru skráðar 2198 eldingar á einni klukkustund 22. maí kl. 00-01, en til samanburðar mældust með sama mælikerfi mest 22 eldingar á einni klukkustund í Eyjafjallajökulsgosinu. Athyglisverð regluleg dempuð sveifla var í tíðni eldinga í Grímsvatnagosinu með sveiflutíma 5.1 klst og helmingaðist fjöldi eldinga í hverri sveiflu. Eldingavirknin fjaraði þannig hratt út. Síðasta skráða eldingin í gosinu var 25. maí kl. 02:19:08, en gosinu var formlega talið lokið 28. maí kl. 07.